



Björg Baldursdóttir formaður
Velferðar- og mannréttindaráð

Kópavogi, 10. október 2025
25012003/999.00

Drög að auglýsingu velferðar- og mannréttaráðs eftir styrkjum.

Á fundi velferðar- og mannréttindaráðs 10. mars sl. var tekin ákvörðun um að breyta fyrirkomulagi á styrkveitingum ráðsins. Hér fyrir neðan er tillaga að texta fyrir auglýsingu eftir styrkjum sem sett verður á alla helstu miðla bæjarins fyrir vikulok vikuna 13. – 19. október.

„Ár hvert veitir Velferðar- og mannréttindaráð Kópavogs hagsmuna- og félagasamtökum styrki til verkefna á sviði velferðarmála. Einnig eru veittir styrkir til verkefna sem hafa framgang mannréttinda og jafnréttis í Kópavogi að markmiði.

Velferðar- og mannréttindaráð auglýsir nú eftir:

- *Umsóknnum um styrki til verkefna á sviði velferðarmála sem styðja við íbúa í Kópavogi á árinu 2026. Styrkir eru veittir hagsmuna- og félagasamtökum.*
- *Umsóknnum um styrki til verkefna sem hafa framgang mannréttinda og jafnréttis í Kópavogi að markmiði á árinu 2026. Styrkir eru veittir einstaklingum, stofnunum, hagsmunasamtökum eða öðrum hópum.*

Umsóknnum skal skilað fyrir 16. nóvember n.k. á netfangið velferd@kopavogur.is „

Að umsóknarfresti liðnum munu starfsmenn velferðarsviðs leggja allar umsóknir fram til afgreiðslu á fundi ráðsins í desember og eftir áramót verður skipulögð athöfn þar sem styrkþegum verður boðið að koma og veita styrkjunum móttöku.

Virðingarfyllst,

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra

